


“Góðir hlutir gerast” Fagvitund í fyrirrúmi

Apríl 2011 19.tlb

Kæru formenn



Takið frá
dagana
6.-8. maí

Nú liggur dagskrá landssambandsþingsins fyrir og hægt að hvetja konur til að mæta á það. Menntanefnd hefur undirbúið dagskrá laugardagsins og þetakonur hafa unnið vel að því að gera alla umgjörð þingsins hina glæsilegustu, en um leið að halda kostnaði í skefjum. En við vitum það að það er mikil vinna að skipuleggja svona lagað og að mestur kostnaður liggur í fæði og gistingu. Við vekjum athygli á að konur geta sótt um styrki til stéttarfélaga og notað hótélavísanir frá þeim.

Eins og ég tók fram í síðasta bréfi verður framkvæmdaráðsfundur haldinn fyrir og eftir þingið eða 6. maí kl. 19– 21 og 8. maí kl. 13:30– 15. Við biðum með að bjóða öðrum stjórnarkonum til fundar til sunnudags en þá verða sérfundir fyrir gjaldkera, ritara, vefstjóra og formenn kl.13:30– 14:00. Vinsamlega ræðið þetta í stjórnnum ykkar og að það sé æskilegt að sem flestar stjórnarkonur mæti á landssambandsþingið og að sjálfsögðu sem flestar félagskonur. Dagskrá fundarins verður send til ykkar.

Formenn deilda eiga að skila inn skýrslu til ritara landssambandsins fyrir aðalfund. Þessi skýrsla er um starf deildarinnar frá 2009-2011. Þið þurfið að finna til skýrslu frá síðasta formanni og taka seinna árið þaðan og bæta þessu ári við. Bið ég ykkur að skila síðan úrdrætti til Jónínu Eiríksdóttur formanns ritnefndar fyrir 17. apríl. Þar er nægjanlegt að segja frá þessu starfsári. Við munum ekki biðja ykkur að flytja úrdrátt á aðalfundinum sjálfum.

Á aðalfundinum verður fjallað um endurskoðuð lög og reglugerð. Ég bið ykkur að kynna ykkur þau vel, en þau eru á vefnum undir gögn fyrir aðalfund. Eins og þið vitið þá urðu lagabreytingar á alþjóðáþinginu í Spokane síðastliðið sumar og þurfti því að aðlaga okkar lög að þeim. Laganefnd hefur unnið þetta af miklum dugnaði og unnið þau upp á nýtt.

Formönnum nefnda er boðið að sitja framkvæmdaráðsfundinn eins og í haust og einnig beðnir um að flytja stutta skýrslu um störf nefndanna á aðalfundinum. Einnig fulltrúar í alþjóðanefndum.

Evrópuþingið er í Baden Baden dagana 3.- 6. ágúst. Um 20 konur eru búnar að panta far til Baden Baden og margar munu taka virkan þátt í vinnustofum og námskeiðum. Vonumst við að konur fjölmenni á Evrópuþingið.



Vefurinn þarf að vera lifandi og við þurfum að hjálpast að við það. Ef þið hafið hugmyndir um hvað betur mætti fara þá eru þær vel þegar. T.d. er verið að setja myndir af stjórnarkonum inn. Gott væri að fá myndir af formönnum deildanna og nefndanna á vefsíðuna um framkvæmdarráð. Það hjálpar okkur þegar við svo hittumst á þingum og öðrum uppkomum.

Sendið mér upplýsingar um þær konur sem hafa lokið meistara- og doktorsprófi í ykkar deildum.

Ný deild, Mý, verður stofnuð 26. apríl á Norðurlandi. Óskum við útbreiðslunefndinni til hamingju með árangurinn og bjóðum viðnýja deild velkomna. Þetta er önnur deildin sem stofnuð er á vetrinum og er hún 12.deild samtakanna á Íslandi.

Minnið konur á að gefa kost á sér til nefndarstarfa næstu tvö ár. Sendið inn tillögur frá ykkar deildum fyrir 1.maí. Einnig er hægt að senda inn tillögur á nýju eyðblaði sem er á vefnum.

Á döfinni:


Apríl 2011						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

Maí 2011						
Má	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

19. apríl
26. apríl
6. maí
7.- 8. maí
8. maí
Eindagar
17. apríl
30. apríl
1. maí
31. maí

Gönguhópurinn hittist við Perluna. kl. 17:30
Stofnun Mýdeildar á Norðurlandi
Framkvæmdaráðsfundur fyrri hluti
Landssambandsfundur
Framkvæmdaráðsfundur seinni hluti

Skila skýrslum til ritnefndar
Lokadagsetning skráningar á vorþingið
Lokadagsetning um tillögur til starfa í nefndum
Lokadagsetning að tilkynna sig á Forum preworkshop á Evrópuþinginu



Með systrakveðju,
Ingibjörg Jónasdóttir
landssambandsforseti DKG